

STJÓRNARTÍÐINDI B 72 — 1982

Nr. 705.

1244

13. desember 1982.

REGLUGERÐ

um bann við þorskveiðum í net tímabilið 1. — 15. janúar 1983.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með 15. janúar 1983, eru allar þorskveiðar í þorskfisknet bannaðar.

2. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar í net samkvæmt 1. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en 20%.

Komi fiskiskip að landi með afla á tímabili því, sem þorskveiðar eru því bannaðar, samkvæmt 1. gr. og hlutur þorsks í aflanum reynist yfir 20% af heildarafla, verður það sem umfram 20% er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32. 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabils, hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlög samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. desember 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.